



**SKÝRINGAR**

- SKIPULAGSMÖRK / NÝ LÓÐARMÖRK
- NÚV. LÓÐARMÖRK
- BYGGINGARREITUR
- NÚV. BYGGINGAR



**HLÍÐASKÓLI - DEILISKIPULAG LÓÐAR**

**Núverandi aðstæður og skipulagsstaða.**  
Deiliskipulag þetta er gert vegna áforma um byggingu battavallar á lóðinni. Við eftirgrennslan kom í ljós að ekki er til deiliskipulag fyrir Hlíðaskóla. Viðbygging við skólann var boðin út árið 2001 og er þeim framkvæmdum lokið. Skólinn telst nú fullbyggður og engin áform eru um frekari byggingar á lóð. Lóðarfrágangur er áformaður nú sumarið 2006. Þar er gert ráð fyrir samtals 64 bílastæðum við Hörgshlíð. Núverandi lóðarmörk ná ekki yfir þessi stæði að öllu leyti. Eðlilegt er að leiðrétta lóðarmörk þannig að bílastæðin verði alfarið innan lóðarinnar.

**Lóðarstærð og flatarmál bygginga.**  
Heildarstærð lóðar er nú 18.123 m<sup>2</sup>.

Hlíðaskóli	= 6877,2m <sup>2</sup> (grunnflötur 3.184m <sup>2</sup> )
Íþróttahús	= 787,5m <sup>2</sup> (grunnflötur 601m <sup>2</sup> )
Dælustöð	= 18,2m <sup>2</sup>
<b>Samt.</b>	<b>= 7682,9m<sup>2</sup></b>

**Lóðarmörk**  
Lagt er til að lóðarmörkum fyrir lóð Hlíðaskóla verði breytt, til samræmis við núverandi og fyrirhuguð bílastæði. Lóðarmörk eru óbreytt að öllu leyti, fyrir utan lóðarmörk við Hörgshlíð, þar sem þau verða rýmkuð út fyrir bílastæðin, að götu. Stækkar lóðin þá lítillega eða úr 18.123m<sup>2</sup> í 18.598 m<sup>2</sup>. Nýtingarhlutfall á lóð eftir stækun er 0.41

**Skólabyggingar.**  
Hlíðaskóli við Hamrahlíð er heildstæður grunnskóli (1. - 10. bekkur). Skólabyggingar eru tveggja hæða auk kjallara undir meginhluta þeirra en tengibyggingar eru einnar hæðar. Þar stunda á sjötta hundrað nemenda nám í 27 bekkjardeildum. Hlíðaskóli var einsetinn haustið 2002. Hafist var handa um byggingu nýs skólahúsnæðis við Hamrahlíð og flutt í fyrsta áfanga þess árið 1960. Sigvaldi Tordarson arkitekt teiknaði skólann sem átti í upphafi að verða stærsti skóli landsins og rúma 1700 - 1800 nemendur. Fyrstu árin voru tæplega 200 börn í skólanum en þeim fjölgaði ört og voru flest 1321 veturinn 1964-65, þá var skólahverfið mun stærra en nú. Undanfarin ár hafa nemendur verið 550 - 580 talsins. Frá árinu 1974 hefur verið starfrækt deild hreyfihamlaðra við skólann og málförvunardeild frá árinu 1977. Árin 1972-1980 var þar einnig deild fyrir heymarskert börn. Árið 1999 hófst samvinna milli Hlíðaskóla og Vesturhlíðarskóla með námslega og félagslega blöndun nemenda beggja skólanna í huga. Árið 1981 sem reist var íþróttahús við Hlíðaskóla. Vegna einsetningar og sameiningar Hlíða- og Vesturhlíðarskóla var hafist handa við að byggja 1900 fermetra viðbótahúsnæði við skólann árið 2001. Teiknistofan Arkþing hannaði nýbyggingar.

**Bílastæði:**  
57 stæði eru hornrétt á Hörgshlíð. 6 skammtíma stæði og 1 rúttustæði eru samsíða Hörgshlíð. 1 stæði fyrir fatlaða er í tengslum við aðalinngang. Heildarfjöldi stæða er 64 og 1 rúttustæði.

**Leiksvæði á lóð.**  
Fyrirkomulag leiksvæða á skólalóð kemur fram á skýringarupprætti. Staðsetning leiksvæða, leiktækja og umfang gróður er ekki bindandi og getur breyst með breyttum áherslum frá einum tíma til annars.

**Battavöllur.**  
Deiliskipulagið gerir ráð fyrir battavelli (gervigrasvelli) þar sem nú er malbikaður boltavöllur milli íþróttahúss og skólabyggingar og tengist báðum byggingum vel með stígum. Stærð vallarins er 18x33m og er hann girtur af samkvæmt staðlaðri fyrirmynd frá KSÍ, (sjá útlit). Byggingarreitirinn er 25m x 42m, til þess að hafa svigrúm við nánari útfærslu á staðsetningu. Um er að ræða 1,2 m háa timburgiröngu á langhlíðum en 2m á skammhlíðum og hæst 3m við mörkin. Mörkin eru 3m breið og 2m há. Gengið er inn um hlíð á völinn frá langhlíðunum. Völlurinn er raflystur með 4 ljósastráum allt að 8m háum, lýsingin er skermuð af þannig að hún beinist á völinn.

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í SKIPULAGSRÁÐI þann 19. júní 2006 og í BORGARRÁÐI þann 27. júlí 2006

Tillagan var auglýst frá 2. ágúst 2006 með athugasemdafresti til 13. sept. 2006

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 200\_.

  
*Handwritten signature and stamp*

**HLÍÐASKÓLI - HAMRAHLÍÐ 2**  
DEILISKIPULAG LÓÐAR  
SKIPULAGSUPPDRÁTTUR

KVARDI-A2:	1:500	TEIKN NR:	1 AF 2
DAGS:	13.07.2006	HANNAÐ:	DB/EGT
FLOKKUR:	0040-foss	TEIKNAD:	DB/EGT/ER
SKRÁ:	01040-mc.dwg	VERKNR:	01040

 **LANDSLAG E.F.**  
LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA  
SKÓLAVÖRUSTIG 11, 101 REYKJAVÍK, Sími: 5355300, Fax: 5355301  
VEFFANG: WWW.LANDSLAG.IS / NETFANG: LANDSLAG@LANDSLAG.IS